

1873.
17. júní.

sem í 10. gr. áætlunarinnar er tiltekið til óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma.

Útaf þessum gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að greiða megi tæð útgjöld af fyrnefndu fè á yfirstandanda reikningsári, og felum vèr yður því hèrmeð á hendur vald til, að láta borga hlutaðeigandi embættismönnum upphæðir þær, sem þeir kunna að eiga tilkall til útaf þessu, úr jarðabókarsjóðnum, og mælumst vèr til að fá innan loka reikningsársins yfirlitsskýrslu um, hversu miklu fè hafi verið varið til þessa.

27. júní.

49. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrk til kennsluómála barna¹.

Útaf uppástungu nokkurri, sem þær, herra landshöfðingi, sem stiptamtmaður yfir Íslandi hafid gjört ásamt biskupinum í brèfi 6. marz þ. á., um, að veita megi Páli presti Pálssyni á Prestbakka hinn sama styrk og á reikningsárinu, sem leið, til heyrnar- og málleysingja kennslu þeirrar, sem hann hefir stofnað á Íslandi, hefir kirkju- og kennslustjórnin skrifazt á við dómsmálastjórnina, og þar eptir veitt sækjandanum fyrir reikningsárið frá 1. aprílm. til 31. desbrm. 1873 15 rd. styrk fyrir hvern heyrnar- og málleysingja, sem hann hefir til kennslu, en eigi handa fleirum en 10, og má taka styrk þennan af því fè, sem tilfært er í 10. grein í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á fyrnefndu reikningsári. Þessi styrkur er eins og áður bundinn við það skilyrði, að Páll prestur Pálsson skuldbindi sig til, að kenna uppa eigin kostnað hæfum manni aðferð við kennslu heyrnar- og málleysingja, svo framarlega sem stiptsyfirvöldin kynni að leggja honum það fyrir og þegar að því kemur.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 322.

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtid það, mælumst vèr til, að þèr, herra landshöfðingi, hlutist til um, að tæður styrkur verði borgaður úr jarðabókarsjóðnum, þegar stiptysfirvöldin gjöra tilkall til hans.

1873.
27. júní.

50. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um upphafsorðin á veitingarbréfum presta.

28. júní.

Í bræfi 16. apríl þ. á. til dómsmálastjórnarinnar hafid þèr, herra landshöfðingi, lagt til, að upphafsorðunum á veitingarbréfum presta, sem ákveðin eru með konungsrúrskurði 14. maí 1850 og sem eru: „Stiptamtmaðurinn og biskupinn yfir Íslandi gjöra kunnugt“, verði breytt eptir því fyrirkomulagi, sem komid er á með konungsrúrskurði 29. júní f. á.¹⁾ ef eigi fyndist ástæða til að gjöra amtmanninn yfir suður- og vesturumdæminu að stiptamtmani. Dómsmálastjórnin hefir nú sent kirkju og kennslustjórninni málið til úrskurðar um þetta atriði, eptir að bæði stjórnarráðin höfðu skrifazt á um það áundan, og eigi hafði þókt ástæða til að skipa stiptamtman; mælumst vèr nú til að þèr, herra landshöfðingi, hlutist til um, að upphafid á fyrnefndum veitingarbréfum eptirleidis verði haft á þessa leið: „Stiptysfirvöldin yfir Íslandi gjöra kunnugt“.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um fè það, sem ætlað er til óvissra útgjalda fyrir Ísland.

30. júní.

Í bræfi, dagsettu 18. apríl. þ. á., hafid þèr, herra lands-

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 458.